

"Frú Vigdís Finnbogadóttir hefur verið ómetanleg fyrirmynd fyrir ungt fólk, jafnt á Íslandi sem og alþjóðavísu. Annars vegar með því að sýna að fólk getur orðið þjóðarleiðtogi óháð kyni og hins vegar með því að vera einstaklega heilsteypt fyrirmynd.

Starf Vigdísar, m.a. á sviði tungumála og náttúruverndar, hefur jafnframt stuðlað beint og óbeint að því umhverfi sem gerði stofnun hins alþjóðlega tengslanets ungmenna um Norðurslóðir (Arctic Youth Network - AYN) mögulega. Þetta samstarf ungs fólks milli ríkja og menningarheima er lykilþáttur í því að leysa hnattrænar áskoranir.

En aftur að Íslandi og mikilvægi heilsteyptra fyrirmynda. Íslenskt samfélag lítur oft vel út á yfirborðinu, t.d. varðandi jafnrétti, en þegar betur er að gáð eigum við enn langt í land. Vigdís hefur með brautryðjandastarfi sínu stuðlað að auknum þroska íslensku þjóðarinnar og sýnt í verki hvað við þurfum að gera umfram það að uppfylla yfirborðskennd viðmið samfélagsins. Ungt fólk horfir upp til Vigdísar og það er óhætt að segja að hennar víðtæku áhrifa muni gæta í alþjóðasamstarfi ungs fólks um ókomna tíð.

Nánari upplýsingar fyrir áhugasama:

Vefsíða - www.arcticyouthnetwork.org

Kynningarmyndband (1mín) - https://www.youtube.com/playlist?list=PLuTRou_ogI0t8G4uW-poA77_OlQuat83E

Pallborð AYN á loftslagsráðstefnu SP 2018 um hvernig loftslagsmál, náttúruvernd og menningarlegt jafnrétti tengjast innbyrðis - <https://youtu.be/XAFALGFa1M4>

"